

Aðalfundur Héraðsnefndar 2007

26. nóvember 2007

Aðalfundur Héraðsnefndar Múlasýslna 2007

Stöðvarfirði / Fjarðabyggð 26. nóvember kl. 15.00.

Mætt eru : Bj. Hafþór Guðmundsson . Anna P. Víglundsdóttir, Ólafur Sigurðsson, Guðmundur Ólafsson, Guðmundur R. Gíslason , Páll Baldursson . Framkvæmdastjóri HNM, Þorvaldur Jóhannsson, er mættur . Mættir lögðu fram kjörbréf og umboð í upphafi fundar.

1 Aðalfundur settur.

Framkvæmdastjóri setti fund : Farið var yfir kjörbréf og umboð fulltrúa. Mætt er fyrir 100% atkvæða og fundur því löglegur.

2 Skipan fundarstjóra og ritara.

Bj. Hafþór Guðmundsson kosinn fundarstjóri .

Framkvæmdastjóri HNM kosinn ritari.

3. Skýrsla stjórnar Héraðsnefndar Múlasýslna.

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni HNM.

(Minningarsjóður R.M. og S.P- Ljósmyndasafn –Safnvegaáætlun-Fjallskilareglugerð Múlasýslna)

4. Ársreikningur HNM 2006.

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu niðurstöðutölur :

Tekjur . Framlög sveitarfélaga - 1.300.000.

Gjöld: Hlutdeild í stj.kostn. SSA 400.000.

Ýmiss stjórnunarkostnaður 53.513

Ljósmyndasafnið 207.000

Fjallskilareglugerð Múl. 28.760.

Afskrifuð eldri framlög 74.282

Vaxtatekjur -33.590

Tekjuafgangur -569.954

Lagt er til að rekstararafgangur verði notaður til að greiða skuld við SSA v/ vinnu við Fjallskilareglugerð Múl.

Samþykkt : Aðalfundur HNM 2007 samþykkir fyrirbyggjandi ársreikning Héraðsnefndar Múlasýslna 2006. -

5. Fjárhagsáætlun HNM 2008 .

Framkvæmdastjóri fór yfir áætlunina.

Tekjur Framlög sveitarfélaga : kr. -750.000

Gjöld: Þáttaka í stjórnunarkostnaði SSA 400.000

Ýmiss stjórnunarkostanaður 55.000

Önnur verkefni : 65.000

Ljósmyndasafn Austurlands 230.000

Samþykkt : Aðalfundur HNM 2007 samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun Héraðsnefndar Múlasýslna 2008.

6. Safnvegaáætlun Vr 2007.

Áætlunin hafði verið send aðildarsveitarfélögum HNM ásamt bréfi framkvæmdastjóra 11. júní . (bréf fyrirbyggjandi á fundinum) eins og vinnureglur kveða á um. Ráðstöfunarfé er allnokkru hærra í ár , vegna þess að starfsmenn við stórframkvæmdir í landshlutanum eru margir skráðir í dreifbýli.

Ný vegalög taka gildi um næstu áramót og því gerir Vr . ekki tillögur fyrir næsta ár eins og verið hefur. Flokkun vega breytist og munu safnvegir ásamt tengivegum sem eru styttri en 10 km. falla í flokk sem kallaður er *Héraðsvegir*.

7. Kosningar til eins árs.

A: Stjórnarmenn í Héraðsnefnd Múlasýslna. (Sömu og í stjórn SSA)

Björn Hafþór Guðmundsson Djúpav. Andrés Skúlason Djúpav.

Guðmundur R. Gíslason Fjarðab. Sigrún B. Björnsdóttir Fjarðab.

Páll Baldursson Breiðdalsv. Líneik A. Sævarsdóttir Fjarðab.

Diana M. Sveinsdóttir Fjarðab. Jóhanna Hallgrímsdóttir Fjarðab.

Ólafur Ármannsson Vopnaf. Anna P. Víglundsdóttir Vopanf.

Guðmundur Ólafsson Flj.hér Baldur Pálsson Flj.hér.

Ólafur Sigurðsson Seyðisf. Gunnþórunn Ingólfisdóttir Flj.hr.

B: Skoðunarmenn ársreikninga. (Sömu og hjá SSA)

Jóhanna Guðmundsdóttir Fl.hér Ólafía Þ. Stefánsdóttir Sf.

Sigurjón Jónasson Fl. hér Ari Bogason S.f.

C: Ritnefnd Múlaþings .

Steinunn Ásmundsdóttir Fljótsdalshéraði.

Jón Ingi Sigurbjörnsson Fljótsdalshéraði

Ingimar Sveinsson Djúpavogi

Cesil Haraldsson Seyðisfjarðarkaupstað

Smári Geirsson Fjarðabyggð. Varamenn ekki kjörnir venju samkvæmt.

Önnur mál. Hlutverk HNM.

Eftir umræður (GRG-BJHG-ÞJ-APV-ÓS-GO-PB) um hlutvek Héraðsnefndar og með vísan í álit lögmanns Sambandsins frá 2005 um hlutvek HNM er eftirfarandi samþykkt:

Aðalfundur HNM felur stjórn Héraðsnefndar Múlasýslna að skoða hvort leggja megi Héraðsnefndina niður og fela SSA núverandi verkefni .

Fleira ekki tekið fyrir. Fundarstjóri þakkaði mættum fundinn og óskaði þeim góðrar heimferðar . Sleit hann síðan fundi.

Sign : Þorvaldur Jóhannsson.